



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 23. nóvember, 2012

Ákvörðun nr. 30/2012

Brot Jeppavina og aðildarfyrirtækja félagsins á 10. og 12. gr. samkeppnislaga

I.

Upphaf máls og málsmeðferð

Í desember 2009 barst Samkeppniseftirlitinu nafnlaus ábending og gögn sem gáfu til kynna að félagið Jeppavinir og aðilar innan þess hefðu brotið gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með útgáfu leiðbeinandi verðskráa til félagsmanna. Þóttu vísbendingarnar þess eðlis að nauðsynlegt væri að hefja rannsókn á hugsanlegum brotum. Með bréfi, dags. 21. desember 2009, var kallað eftir ýmsum gögnum og upplýsingum frá Jeppavinum, en þau bárust þann 21. janúar 2010.

Á heimasíðu er félaginu lýst sem hagsmunasamtökum súperjeppaeigenda í atvinnurekstri. Hafi félagið verið stofnað til að vinna að framþróun og jeppamennsku í atvinnuskyni og standa þannig sameiginlega að gæða- og öryggisstöðlum þeirrar þjónustu sem veitt er til ferðamanna. Við athugun Samkeppniseftirlitsins var tilurð félagsins lýst svo að fram að stofnun félagsins hafi verðlagsmálum verið þannig háttað að stærstu verkkaupar / ferðaskrifstofur hafi lagt línurnar og ef jeppamenn sættu sig ekki við verðið hafi þeir mátt reikna með að lenda neðst á listanum, óháð veittri þjónustu eða gæðum. Þegar verð hafi hætt að vera í takt við raunveruleikann hafi verið farið að ræða þessi mál innan hóps jeppamanna.

Í kjölfar gagnaöflunar, úrvinnslu gagna og öflunar sjónarmiða sendi Samkeppniseftirlitið félaginu og níu aðilum að félaginu andmælaskjal, dags. 21. nóvember 2011, þar sem m.a. voru rakin tölvupóstsamskipti milli þeirra, og fleiri einstaklinga og fyrirtækja, frá 18. janúar 2007 til og með 12. desember 2009. Á grundvelli gagna málsins var það frummat Samkeppniseftirlitsins að þau atvik sem tilgreind voru bentu til þess að aðildarfyrirtæki Jeppavina og félagið sjálft hefðu brotið gegn a-lið 10. gr. samkeppnislaga og 12. gr. laganna.

Athugasemdir og viðbrögð umræddra aðila bárust Samkeppniseftirlitinu í janúar 2012. Í athugasemdum sjö þeirra fólst viðurkenning á þátttöku í broti á 10. gr., sbr. 12. gr., samkeppnislaga. Einn aðili mótmælti því að samráð hefði átt sér stað eða hann tekið þátt



Í því. Tveir aðilar andmæltu því að hafa á nokkurn hátt tekið þátt í því samráði sem málið fjallar um en andmæltu því ekki að það hefði átt sér stað. Í framhaldi af móttöku athugasemdana var tekin sú ákvörðun af hálfu Samkeppniseftirlitsins að fella niður málið gagnvart þremur áðurnefndu, en talið var að andmæli viðkomandi ættu við rök að styðjast með hliðsjón af gögnum málsins.

Þann 2. maí 2012 komu aðilar málsins á fund hjá Samkeppniseftirlitinu þar sem staða málsins var rædd auk þess sem aðilar óskuðu eftir upplýsingum um sáttaferli hjá Samkeppniseftirlitinu. Að fengnum þeim upplýsingum óskuðu eftirtaldir aðilar eftir því að ljúka máli sínu með sátt, en samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið lokið málum með sátt ef fyrirtæki sem til rannsóknar eru stíga fram og viðurkenna brot á samkeppnislögum. Í kjölfarið óskuðu hver og einn eftirtalinna aðila eftir sátt við Samkeppniseftirlitið sem gerð var með eftirfarandi hætti:

1. Ingimundur Þór Þorsteinsson undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 21. júní 2012.
2. Aron Reynisson, formaður stjórnar Jeppavina, undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið fyrir hönd félagsins þann 25. júní 2012.
3. Jóhann Kristján Kristjánsson undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 26. júní 2012.
4. Þorvarður Ingi Þorbjörnsson undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 26. júní 2012.
5. Óli Jóhann Kristjánsson undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 27. júní 2012.
6. Hákon Bjarnason undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 6. júlí 2012.
7. Anton Þorvar Guðmundsson undirritaði sátt við Samkeppniseftirlitið þann 7. september 2012.

Í sáttum þessum felst að viðurkennd eru brot á samkeppnislögum og fallist er á að greiða sektir vegna þeirra.

II.

Niðurstaða

Mál þetta tekur til brota Jeppavina og ákveðinna aðildarfyrirtækja félagsins á 10. sbr. 12. gr. samkeppnislaga. Brotin felast í því að aðilar málsins stunduðu verðsamráð, nánar tiltekið með gerð og birtingu leiðbeinandi verðskráa, samræmdum viðskiptaskilmálum og samskiptum um verðlagningu.

Í 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. lög nr. 52/2007, segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að eftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða



stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrir mælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Eins og fram hefur komið hafa Samkeppniseftirlitið og framangreind fyrirtæki gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum þeirra á samkeppnislögum er því lokið með þeim hætti sem rakið verður í þessari ákvörðun.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Í máli þessu er um lárétt verðsamráð að ræða, þ.e. samráð aðila sem starfa á sama sölustigi. Félagið Jeppavinir er félag einstaklinga og félaga sem stunda það að atvinnu, hvort sem er aðalatvinnu eða sem aukastarfi, að aka jeppum um Ísland.

Hagfræðirök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- og þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Samkvæmt samþykktum Jeppavina er tilgangur félagsins að „vinna að framþróun jeppamennsku í atvinnuskyni“ eða „farþegaflutning[ar] á breyttum jeppum“. Í gögnum málsins kemur m.a. fram að Jeppavinir séu „hagsmunasamtök Spúperjeppaútgerðamanna“ og að félagsmenn séu „eigendur bæði jeppa (allt að 7 farþega), svo og hópbíla svo sem Econoline, allt að 14 farþega“. Þá kemur fram í gögnum málsins að Jeppavinir sé „félagsskapur þeirra sem gera út súperjeppa (og súpertrukka) sem verktakar“.¹

Í eldri málum þar sem samkeppnisyfirvöld hafa fjallað um markaði fyrir fólksflutninga hefur mörkuðum jafnan verið skipt eftir eðli flutninga. Í lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001 er m.a. fjallað um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni. Í 10. gr. laganna er fjallað um akstur sérútbúinna bifreiða. Þar segir orðrétt:

„Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.“

Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að atvik þessa máls hafi fyrst og fremst áhrif á mörkuðum fyrir dags- og hópferðir á sérútbúnum bifreiðum fyrir allt að 14 farþega, sem notaðir eru í tengslum við þjónustu við ferðamenn eða til afþreyingarferða. Ekki er í þessu máli þörf á að afmarka markaðinn nánar. Í ákvörðun þessari verður markaðurinn almennt nefndur „markaður fyrir jeppaferðir“.

Landfræðilegur markaður málsins er Ísland.

¹ Á heimasíðum aðildarféлага Jeppavina er jafnan talað um sk. súperjeppa (e. *super jeeps*). Um er að ræða sérútbúna eða breyttar jeppabifreiðar ætlaðar til sérstakra fjallaferða eða ferða á vegleysum.



Skráðir félagsmenn í Jeppavinum eru u.þ.b. 50 talsins og er það „*kjarninn af þeim sem [...] gera út Súperjeppa*“. Í athugasemdum Jeppavina hefur m.a. verið vikið að því að á „*stærstu dögum með 300-400 farþega í jeppum má reikna með að kallaðir séu til 70-80 súperjeppar*“. Með hliðsjón af því að skráðir félagsmenn séu u.þ.b. 50 talsins og margir hverjir eigi og reki fleiri en einn jeppa þá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hin meintu brot geti ekki fallið undir svonefnda minniháttarreglu 13. gr. samkeppnislaga sem kveður á um að samningar milli fyrirtækja falli ekki undir bann 10. gr. samkeppnislaga fari markaðshlutdeild þeirra ekki yfir 5% viðmiðunarmörk. Auk þess má nefna að samkvæmt upplýsingum frá CreditInfo eru 123 félög skráð sem sinna farþegaflutningum af því tagi sem hér um ræðir, þar af 75 virk. Ljóst er að samkvæmt þeim tölum samanstanda Jeppavinir af tæpum helmingi skráðra félaga, eins og staðan er í dag. Að endingu má benda á að verðskrá Jeppavina var opinber. Hún var birt á opinni heimasíðu félagsins og því aðgengileg öllum þeim sem sinntu farþegaflutningum af því tagi sem um ræðir.

2. Um 10. og 12. gr. samkeppnislaga

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er fyrirtæki skilgreint svo að um geti verið að ræða *einstakling, félag, opinbera aðila og aðrir sem stunda atvinnurekstur*. Einstaklingur sem rekur bifreið af þeim toga sem hér er fjallað um í atvinnuskyni telst því vera fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.

Í 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað séu bannaðar. Bannið tekur m.a. til samninga, samþykktu og samstilltra aðgerða sem áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-lið 2. mgr. umrædds ákvæðis.

Ákvæði 10. gr. laganna eru ein þau þýðingarmestu í samkeppnislögum. Þeim er ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppnina. Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshegðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt. Ávinningi samkeppninnar er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samvinnu um framangreind atriði.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafa með sér einhvers konar samvinnu um verð, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum. Þannig brýtur það í bága við ákvæðið ef keppinautar t.d. ákveða á fundi að samræma verð sitt. Hvort þessi aðgerð hafi haft þau áhrif í raun að verð hafi verið samræmt skiptir ekki máli í þessu samhengi, enda geta t.d. ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á hvort samræming takist. Lögskýringargögn með samkeppnislögum styðja þessa túlkun. Þar kemur fram að 10. gr. geri „*ekki þá kröfu að hið ólögsmæta samstarf*



*hafi í raun haft áhrif á samkeppnina.*² Sama túlkun á 10. gr. kemur skýrt fram í dómi Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Ef t.d. samningur hefur ekki að markmiði að raska samkeppni verður að taka til athugunar hvort hann geti haft slík áhrif, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2008 *Hörður Einarsson gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samkvæmt þessu má ljóst vera að ef fyrir liggur að ákvarðanir samtaka fyrirtækja hafi það að markmiði að raska samkeppni, t.d. vegna þess að þær fjalla um verð eða markaðsskiptingu, skiptir engu þótt þær hafi ekki komist til framkvæmda eða haft áhrif á markaðnum til að um brot á ákvæðinu teljist vera að ræða.

Jafnframt ber að hafa í huga að hugtakið markmið (e. *object*) í 10. gr. samkeppnislaga og í EES/EB-samkeppnisrétti vísar ekki til huglægrar afstöðu þeirra sem standa að tilteknu samráði. Markmið, t.d. samnings, í skilningi samkeppnisréttarins er þess í stað fundið með því að leggja hlutlægt mat á efni og eðli viðkomandi ráðstafana, sbr. m.a. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmaett samráð innan Lögmannafélags Íslands*. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að 10. gr. samkeppnislaga gerir ekki þá kröfu að sýnt sé fram á ásetning til þess að raska samkeppni og ákvæðið bannar því samráð alveg án tillits til þess hvaða orsakir eða tilgangur kunni að liggja því til grundvallar.

Samningur í skilningi 10. gr. er t.d. fyrir hendi þegar aðilar hans fylgja sameiginlegri áætlun, sem takmarkar eða er líkleg til að takmarka sjálfstæða hegðun þeirra á markaðnum með því að stuðla að sameiginlegum aðgerðum eða athafnaleysi. Samningur í skilningi 10. gr. laganna getur verið í hvaða formi sem er og verður að skýra hugtakið rúmt, sbr. dóm Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Samningur skv. 10. gr. getur þannig verið óundirritaður eða undirritaður, munnlegur eða skriflegur og þarf ekki að vera bindandi. Tilvist samnings getur birst í hegðun viðkomandi fyrirtækja, t.d. með reglulegum samskiptum um verðlagsmálefni. Um samning er að ræða ef fyrirtæki hafa á einhvern hátt lýst yfir sameiginlegum vilja sínum til að hegða sér á markaði með tilteknum hætti.

Í 10. gr. samkeppnislaga er gerður greinarmunur á samningi og samstilltum aðgerðum. Tilgangur þessa er að fella undir bann ákvæðisins samráð milli keppinauta, sem ekki hefur náð því stigi að teljast til samnings í skilningi 10. gr., er felur í sér að fyrirtækin vitandi vits hafa með sér samvinnu í stað þess að taka þá áhættu sem felst í því að keppa með sjálfstæðum hætti á markaðnum.

Um samstilltar aðgerðir getur verið að ræða þótt keppinautar hafi ekki fallist á eða hegðað sér skv. fyrirfram gerðri áætlun. Við skýringu á því hvað felst í samráði sem fellur undir hugtakið samstilltar aðgerðir verður að líta til þess grundvallaratriðis að í samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins felst að hvert fyrirtæki fyrir sig verði að ákveða sjálfstætt hvornig það ætlar að hegða sér á markaði. Þessi krafa um sjálfstæði bannar ekki að fyrirtæki grípi til aðgerða vegna hegðunar eða hugsanlegrar hegðunar keppinauta á markaðnum. Hún bannar hins vegar hvers konar samskipti milli keppinauta sem hafa

² Sjá frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993. Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.



Það markmið eða af þeim leiðir að reynt er að hafa áhrif á hegðun núverandi eða væntanlegs keppinautar á markaðnum eða honum greint frá aðgerðum sem viðkomandi fyrirtæki ætla að grípa til eða hugleiðir að grípa til á markaðnum. Ganga verður út frá því að fyrirtæki sem starfa á markaði og taka þátt í samstilltum aðgerðum, t.d. viðræðum um hugsanlegar verðbreytingar, hafi hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í slíkum viðræðum þegar þau taka ákvarðanir um eigin aðgerðir á markaðnum, nema að viðkomandi fyrirtæki geti sannað annað.

Af framangreindu leiðir að fyrirtæki gerast sek um samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ef þau á fundi, í símtali, í bréfi, í tölvupósti eða með öðrum hætti eiga viðræður eða upplýsingaskipti sem hafa þýðingu fyrir verðákvörðun, skiptingu markaða eða önnur atriði sem falla undir ákvæðið.

Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „*sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...*“. Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr.

Varðandi 12. gr. samkeppnislaga þá er tilgangur hennar að tryggja að fyrirtæki noti ekki samtök sín sem skálkaskjól fyrir brot á samkeppnisreglum. Með því að fella samtök fyrirtækja undir samkeppnisreglur er þannig verið að hindra að fyrirtæki komist framhjá banni við t.d. verðsamráði á grundvelli þess forms eða búnings sem samráð þeirra er sett í. Þess vegna er ekki aðeins lagt bann við beinu samráði milli fyrirtækja (samningar/samstilltar aðgerðir) heldur taka samkeppnisreglur einnig til þess þegar fyrirtæki hafi samvinnu á vettvangi eða í gegnum slíkan sameiginlegan aðila.

1. Brotin

Eins og áður hefur komið fram fólust brot aðila í samráði við gerð og birtingu leiðbeinandi verðskráa, gerð samræmdra viðskiptaskilmála og samskiptum um verðlagningu. Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, dags. 21. nóvember 2011, voru rakin tölvupóstskipti milli aðila málsins, og fleiri einstaklinga og fyrirtækja, frá janúar 2007 til og með desember 2009 og frummat stofnunarinnar dregið af þeim og öðrum gögnum málsins, svo sem fundargerðum félagsins, athugasemdum aðilanna o.fl.

Fyrir liggur að á vettvangi félagsins voru umræður um það hvernig best væri að útfæra gjaldskrár fyrir akstur í jeppaferðum og hvert gjald fyrir þær skyldi vera að lágmarki. Þá var rætt um hækkanir, t.a.m. um áramót og við verðhækkanir á olíu. Þær gjaldskrár sem aðilar náðu sáttum um voru birtar félagsmönnum með því að senda þær á póstlista félagsmanna og þær ræddar á fundum félagsmanna að auki. Þar að auki liggur fyrir að á tímabili voru verðskrár aðgengilegar öllum gegnum þáverandi heimasíðu félagsins.

Ljóst er að strax frá stofnun Jeppavina hófust miklar umræður um gerð sameiginlegra verðskráa fyrir félagsmenn, þó aðilum hafi verið það ljóst frá upphafi að slíkt væri óheimilt.



Gögn málsins sýna að fleiri samskipti af svipuðum toga áttu sér stað á rannsóknartímabili þessa máls.

Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna gögn málsins svo ekki verði um villst fram á samfellt samráð aðila málsins á því tímabili sem er brot á 10., sbr. 12. gr., samkeppnislaga. Hafa aðilar að sáttunum viðurkennt það.

2. Viðurlög

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti m.a. gegn bannreglum laganna, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Í 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber skv. 1. mgr. 37. gr. laganna m.a. að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamla og hvað þær hafa staðið lengi.

Samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga er heimilt að ljúka málum með sátt ef fyrirtæki hafa gerst brotleg við ákvæði laganna. Sátt hefur jafnan þau áhrif að mál taka skemmri tíma og er því fyrr gripið til ráðstafana sem ætlað er að efla samkeppni. Sá samstarfsvilji sem felst í því að fyrirtæki gerir sátt leiðir til lægri sekta en ella, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga.*

Við mat á sektum hafði Samkeppniseftirlitið hliðsjón af stöðu fyrirtækjanna, bæði á hinum skilgreinda markaði, sem og af fjárhagsstöðu þeirra og efnahagslegum styrkleika. Ljóst er að sá styrkleiki er mjög takmarkaður enda um að ræða fyrirtæki með takmarkaða veltu og umsvif.

Auk þess var litið til samstarfsvilja aðila við að upplýsa brotin sem og til þess að aðilar hafa ítrekað lýst yfir skýrum vilja sínum til að gera breytingar í starfsemi sinni til frambúðar til þess að koma í veg fyrir að sambærileg brot á samkeppnislögum endurtaki sig.

III.

Ákvörðunarorð:

1. gr.

„Með sáttum við aðila, dags. 21., 25., 26., 27. júní, 6. júlí og 7. september 2012, gangast aðilar við því að hafa brotið gegn 10., sbr. 12. gr., samkeppnislaga nr. 44/2005 og fallast þeir hver um sig á að greiða stjórnvaldssektir að fjárhæð 50.000 krónur, að undanskildu félaginu Jeppavinum, sem fellst á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 krónur.



2. gr.

Til að stuðla að virkri samkeppni á markaði fyrir jeppaferðir á Íslandi fellst félagið Jeppavinir á að framvegis muni hegðun félagsins á þeim markaði sem um ræðir ávallt vera samþýðanleg samkeppnislögum þannig að viðskiptalegu sjálfstæði félagsmanna þess og samkeppni á markaðnum verði ekki raskað.

3. gr.

Brot á framangreindum fyrirmælum varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson